Kæri þingmaður/ráðherra

Það er einlæg krafa okkar og ósk að þingmenn og ráðherrar beiti sér fyrir því að skerðing sjávarútvegsráðherra um 200 tonn á strandveiðisvæði D sem nær um Suðurland frá Borgarbyggð í vestri að Hornafirði verði leiðrétt strax og að 200 tonnum verði bætt á svæðið svo sami grundvöllur verði að minnsta kosti til veiða eins og verið hefur síðustu ár.
Ef ekkert verður að gert mun svæðið fara illa út úr strandveiðunum í ár og þá sérstaklega sú nýliðun sem hefur átt sér stað á svæðinu. Pottarnir fyrir júni júli og ágúst eru allt of litlir og útlit er fyrir stöðvun veiða mun fyrr en ella hefði orðið með tilheyrandi tekjuskerðingu og vandræðum fyrir strandveiðimenn.

Skerðing hefur í för með sé enn harðari sjósókn í öllum veðrum á svæðinu sem mun geta haft alvarlegar afleiðingar því með minni úthlutun svæðisins sækir en meira kapp í menn við að ná þó sýnu til geta rekið sína útgerð og framfleytt sinni fjölskyldu.

Á milli áranna 2015-2016 lá fyrir að heildarpottur strandveiða yrði um 9000 tonn og yrði því aukinn um 400 tonn frá árinu áður. Þetta fyllti smábátasjómenn bjartsýni um að hægt væri að stunda veiðarnar með mannsæmandi hætti á svæði D eins og annarstaðar og að allavega fengist að veiða sama aflamagn á svæði D og árið 2015 jafnvel með örlítilli aukningu í úthlutun.

Mikil nýliðun átti sér stað á svæðinu á milli ára 2015 og 2016 og ungir sem aldnir fjárfestu í strandveiðibátum og byggðu forsendur sínar á rekstri bátsins á strandveiðum 2015 því ekki kom nokkrum manni í hug að sjávarútvegsráðherra kæmi það til hugar að skerða svæðið þar sem fyrir lá aflaaukning í kerfinu öllu auk þess sem Hafrannsóknarstofnun hefur mælt með aukningu aflaheimilda í þorski síðan 2011 og gerir en með horfur jákvæðar um komandi framtíð.

Hér að neðan verða upptaldar staðreyndir um strandveiðisvæði D og samanburður ársins 2015 og 2016 sem sýnir skýlaust þau gríðarlegu mistök eða valdanýðslu sem sjávarútvegsráðherra beitti í upphafi strandveiða vorið 2016 þegar örfáir dagar voru til upphafs veiðanna með því að skerða svæðið um þau 200 tonn sem gert var og kippa þar með grundvelli undan veiðunum sem veldur strandveiðimönnum á svæðinu og fjölskyldum þeirra gríðarlegum vandræðum.

Samanburður á strandveiðum árin 2015-2016 á svæði D í maí mánuði. *Heimildir eru teknar af heimasíðu Landsambands Smábátaeigenda.*

Fjöldi útgefinna leyfa á svæði D 2015	Fjöldi útgefinna leyfa á svæði D 2016	Munur	
97	118	22%	Aukning báta um 22%

Eins og sjá má varð nýliðun á milli árana 2015-2016 um 22% . Aukning leyfa á svæði D sem hlýtur að þykja mjög jákvætt fyrir svæðið þar sem fjöldi starfa eykst á svæðinu og nýliðun á sér stað í sjávarútvegi sem kallað hefur verið eftir . Nýliðunin veldur auðvitað því að meira veiðist á svæðinu og því er skerðing ráðherra um 200 tonn á svæðinu sem er um 13% skerðing, algerlega úr takti við þróun svæðisins og gerir lítið annað en að grafa undan nýliðun og strandveiðimönnum öllum á svæðinu.

Fjöldi Landana í maí 2015	Fjöldi Landana í maí 2016	munur	
412	860	109%	Aukning um 109%

Fjöldi landana á svæðinu hefur aukist í maí mánuði einum um 109% á milli árana 2015-2016. Skýringin er sú að fjöldi báta hefur aukist mikið á svæðinu auk þess sem veður hefur verið hagstætt á svæðinu til róðra eins og á landinu öllu sem hlýtur að vera ósk allra. Sú skýring ráðherra að svæðið hafi ekki náð heildarkvóta sýnum fyrir árið 2015 á sér eingöngu veðurfarslegar skýringar. Það að byggja veiðiráðgjöf á veðrabryggðum er álitin mjög hæpin stjórnunaraðferð og ekki tekin sem gild skýring á því að svæðið var skert um þau 200 tonn sem gert var við upphaf veiðana 2016. Ef brælur verða á öðrum svæðum þetta árið geta þá strandveiðimenn þeirra svæða gert ráð fyrir því að mega lítið veiða árið eftir. Svona rök eru í mesta falli barnaleg og skapa aukna óvissu í kerfinu sem nóg er af fyrir.

Svæði	Útgefin Leyfi	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Samtals úthlutun	Úthlutun, tonn dreifing á bát
A	213	852	1023	1023	512	3410	16.0
B	124	521	626	626	313	2086	16.8
C	111	551	661	661	331	2204	19.9
D	118	520	455	195	130	1300	11.0

Þegar úthlutun strandveiða árið 2016 er skoðuð fyrir hvert svæði sést klárlega hversu ósanngjarn þessi gjörningur sjávarútvegsráðherra er og í besta falli til þess fallinn að grafa undan strandveiðum D svæðis. Svæði D hefur lang mynnstu úthlutun allra strandveiðisvæðana þó svo að útgefin leyfi séu alls ekki fæst á því svæði. Sé dreifing úthlutunarinnar skoðuð á hvern bát á hverju svæði sést greinilega hversu mikil miskipting er í gangi því að það er einungis miðað við 11 tonna veiði á bát á D svæði á meðan það er mun meira á öðrum svæðum og slagar það nánast upp í helmingi meiri úthlutun miðað við fjölda báta á sumum svæðum. Þetta sýnir svart á hvítu hversu alvarlegur gjörningur sjávarútvegsráðherra hefur verið með því að skerða svæðið um 200 tonn og færa á önnur svæði.Þegar að öllu sanngjörnu hefði átt að auka kvótann á svæði D ákvað sjávarútvegsráðherra að skerða hann sem er í algerri mótsögn við þróun svæðisins á milli ára og álitin hrein og klár valdaníðsla.

Af þessu ofangreindu er það skýlaus krafa okkar að þingmenn og ráðherrar svæðisins beiti sér fyrir því að þau 200 tonn sem tekin voru af svæðinu fyrirvaralaust við upphaf strandveiðanna 2016 verði skilað til baka strax svo grundvöllur fyrir strandveiðarnar 2016 verði að minnsta kosti sá sami og árið 2015.
Það er alveg klárt mál að engin haldbær rök hafa fundist fyrir því af hverju svæðið var skert um þessi 200 tonn og álitið er að annarleg sjónarmið hafi ráðið þar för hjá sjávarútvegsráðherra frekar en eitthvað annað. Þessi 200 tonna skerðing gengur algerlega í mótsögn við þróun svæðisins á milli árana 2015-2016 sem sýnir svart á hvítu hversu alvarlegur þessi gjörningur sjávarútvegsráðherra er. Tekjuskerðingin mun verða gríðarleg fyrir strandveiðisjómenn á svæðinu , atvinnuleysi mun gera vart við sig þar sem veiðar munu stöðvast fyrr en ella í hverjum mánuði og nýliðun mun algerlega stöðvast og jafnvel ganga til baka.

Kæri þingmaður/ráðherra þetta er alvarlegt mál sem snertir margar fjölskyldur og við óskum því eftir að þú gangir í málið og berjist fyrir leiðréttingu á þessum gjörningi/mistökum sjávarútráðherra strax og standir vörð um hagsmuni svæðisins og íbúa þeirra og endurheimtir þau 200 tonn sem tekin voru af strandveiðisvæði D núna í upphafi strandveiða 2016strax.

Bréf þetta er sent á alla þingmenn D svæðis strandveiða,Landsamband smábátaeiganda,sjávarútvegsráðherra auk fréttavefsins sax.is

Virðingarfyllst

Félagsmenn í smábátafélaginu Hrollaugi Hornafirði 30. maí 2016